


Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats 2019



GRUNNSKÓLINN
Í ÞORLÁKSHÖFN

Inngangur

Starfsmenn Menntamálastofnunar gerðu úttekt á skólastarfi í Grunnskólanum í Þorlákshöfn í nóvember 2018. Matinu var ætlað að vera leiðbeinandi og framfaramiðað. Sérstaklega var hugað að því sem er framúrskarandi gott og öðrum til eftirbreytni en að sjálfsögðu var matið einnig umbótamiðað og hugsað til að styrkja okkar ágæta skólastarf þegar til lengri tíma er litið.

Ytra mat er eðlilegur hluti skólastarfs. Matið er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga en það er Menntamálastofnun sem sér um framkvæmdina.

Niðurstöður matsins eru jákvæðar og lýsa góðu skólastarfi þar sem virðing er borin fyrir nemendum og skólabragur er góður. Einnig er bent á tækifæri til umbóta. Stjórnendateymi skólans vann að gerð umbótaáætlunar. Þá komu tengiliðir stiga sem eru fjórir að gerð áætlunarinnar ásamt því að fjallað var um umbótaáætlunina á stigsfundum og leitað eftir umsögnum og ábendingum frá kennurum. Þá var áætlunin lögð fram til kynningar og umræðu á starfsmannafundi.

Starfsmenn skólans, skólaráð og fræðslunefnd fengu kynningu á matinu og umbótaáætlun í kjölfarið. Í þessu plaggi er sett fram tímasett áætlun til úrbóta á þeim þáttum sem betur mega fara. Áætlunin tekur til tveggja ára og er hver þáttur tímasettur.

Undirrituð þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina sem er gagnleg með það fyrir augum að auka enn frekar gæði skólastarfs í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri

Páttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Stjórnun og fagleg forysta	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Mat á umbótum
Forvarnaráætlun	Áætlun um forvarnir á hverju aldurstigi og í hverjum bekk. Nú þegar hafa kennarar, námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur sett inn núverandi forvarnarverkefni í hverjum bekk. Áætlunin verður kynnt í vor.	Skólastjórnendur í samvinnu við kennara.	Lokið vor 2019	Vorið 2020 fara skólastjórnendur og tengiliðir stiga yfir forvarnaráætlun og meta hvernig innleiðing hennar gengur.
Jafnréttisáætlun	Nú þegar er að störfum jafnréttisnefnd sem vinnur að endurskoðaðri jafnréttisáætlun.	Jafnréttisnefnd ásamt skólastjórnendum.	Lokið vor 2019	Áætlun send til Jafnréttisstofu 1. apríl 2019 til umsagnar.
Endurskoða viðmiðunarstundaskrá í list- og verkgreinum og valgreinum á unglingsstigi. Koma tónmenntakennslu inn í stundaskrá skv. viðmiðunarstundaskrá.	Endurskoða bekkjarnámskrár og úthlutun kennslutíma í hverjum árgangi. Tryggja að nemendur fái valgreinar skv. viðmiðunarstundaskrá og að heimanámsaðstoð sé ekki hluti valgreina.	Skólastjórnendur í samvinnu við kennara.	Lokið ágúst 2019	Skólastjórnendur yfirfara og kynna fræðslunefnd endurskoðaða viðmiðunarstundaskrá skólans í upphafi hvers skólaárs.

	Auglýsa eftir tónmenntakennara.			
Áætlun um öryggis- og slysavarnir.	Vinna að áætlun varðandi öryggis og slysavarnir í skóla og á skólalóð.	Skólastjóri í samvinnu við öryggisnefnd.	Lokið vor 2020	Áætlun metin og yfirfarin á hverju hausti af skólastjórnendum og öryggisnefnd.
Innleiða með formlegum hætti endurgjöf til kennara í kjölfar reglulegra heimsóknastjórnenda í kennslustundir.	Stjórnendur munu fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir og auka þar með tækifæri til beinnar endurgjafar til kennara. Notast verður við faglega gátlista sem henta til endurgjafar. Í kjölfarið skili kennari áætlun um með hvaða hætti á auka gæði náms og kennslu.	Skólastjórnendur	Hefst haust 2019	Metið í starfsmannakönnun Skólapúlsins vor 2020 og í starfsmannasamtölum við kennara 2019-2020.
Skrá ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála meðal starfsfólks sbr. gr. 1009/2015.	Unnin verður áætlun um samskipti og ágreiningsmál meðal starfsmanna.	Skólastjórnendur og eineltisteymi í samvinnu við starfsfólk skólans.	Lokið vorið 2020	Ferlið kynnt starfsfólki og fræðslunefnd vor 2020. Metið í starfsmannasamtölum og starfsmannakönnun Skólapúlsins sem lögð er fyrir annað hvert skólaár.

Kennslufræðileg stefna skólans.	Skýra stefnu skólans einkum varðandi þá kennsluhætti og kennslufræði sem lögð er áhersla á í skólanum.	Skólastjórnendur í samvinnu við kennara.	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Sjálfsmatsteymi skólans metur skólanámskrá að vori 2021 og metur í samvinnu við kennara og skólastjórnendur hvernig stefna um kennsluhætti kemur fram í skólastarfinu.
Áætlun um þróunarstarf í skólanum.	Vinna að 3-5 ára áætlun um þróunarstarf í skólanum. Ræða áherslur á matsfundi að vori í samhengi við innra mat.	Skólastjórnendur, í samvinnu við kennara.	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymi skólans metur á 3-5 ára fresti áætlun um þróunarstarf og hvort unnið hafi verið í samræmi við áætlun.
Kynna foreldrum ábyrgð þeirra á jákvæðum skólabrag.	Halda opna fundi fyrir foreldra m.a. opinn fund skólaráðs. Þar sem farið er yfir gögn um mat á skólastarfinu, umbætur og þátt foreldra.	Skólastjórnendur í samvinnu við skólaráð.	Fyrsti fundur vor 2019, eftir það a.m.k einn opinn fundur á ári.	Skólaráð kynnir opna fundi og ber ábyrgð á að þeir séu haldnir á hverju skólaári.
Skrá í skólanámskrá hvernig samvinnu við framhaldsskóla er hagað.	Námsráðgjafi í samvinnu við skólastjórnendur setur niður ferli varðandi samvinnu við framhaldsskóla.	Námsráðgjafi í samvinnu við skólastjórnendur.	Lokið fyrir haustið 2019.	Námsráðgjafi, umsjónarkennari í 10.bekk, og skólastjórnendur meta á hverju vori hvort ferlið er skýrt og mæti þörfum nemenda.

Páttur 2 - Nám og kennsla

Nám og kennsla	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Mat á umbótum
Endurskoða bekkjarnámskrár	Tengja stefnu skólans um nám og kennslu ásamt grunnþáttum menntunar inn í bekkjarnámskrár og kennsluáætlanir. Taka fram hvernig námsaðlögun er háttað í bekkjarnámskrám.	Kennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Skólaárið 2019-2020	Sjálfsmatsteymi skólans metur skólanámskrá að vori 2021 og metur í samvinnu við kennara og skólastjórnendur hvernig stefna um kennsluhætti kemur fram í skólastarfinu.
Mat á lykilhæfni nemenda	Ljúka útfærslu á lykilhæfni og setja inn í skólanámskrá og bekkjanámskrá.	Stýrihópur um lykilhæfni í samvinnu við skólastjórnendur og kennara.	Í upphafi skólaárs 2019-2020.	Metið í samtölum við nemendur og foreldra á hverju skólaári, auk þess sem matið er rætt og metið á kennarafundi á hverju skólaári.
Birting kennsluáætlana	Skrá markmið kennslustunda og verkefna í kennsluáætlanir. Birt á heimasíðu skólans eða Mentor. Kynnt nemendum og foreldrum.	Kennarar í samvinnu við skólastjórnendur.	Skólaárið 2019-2020	Metið í lok hvers skólaárs af skólastjórnendum og tengiliðum stiga.
Stundatöflur	Skoða hvernig hægt er að koma í veg fyrir að	Skólastjórnendur	Haust 2019	Skólastjórnendur og kennarar meta á hverju

	kennslustundir skerðist við sund- og íþróttatíma.			vori við gerð stundataflna næsta skólaárs.
Námstækifæri og námsstíll	Þjálfarar nemendur í að setja sér námsmarkmið með samræðum og samstarfi við nemendur um nám þeirra. Setja fram leiðir til að mæta bráðgerum nemendum og veita nemendum aukið val um námaðferðir og viðfangsefni.	Kennara í samvinnu við stjórnendur	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Rætt og metið á kennarafundi vor hvert. Spurningum um námsmarkmið bætt við nemendakönnun Skólafélagsins.
Stefna um aðgerðir til að bæta árangur nemenda	Setja fram markmið og aðgerðir um árangur og markmið m.t.t. niðurstaðna t.d. samræmdra prófa og lesferils. Skrá verklag um hvernig gögn eru nýtt. Kennarar geri stjórnendum grein fyrir hvernig þeir hyggjast auka gæði náms og kennslu.	Stjórnendur og kennarar	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Fara yfir gögn frá t.d. Menntamálastofnun á hverju ári og rýna í niðurstöður m.t.t. markmiða skólans. Rætt í starfsmannaviðtölum við kennara.

Líðan nemenda	Skrá verklag um hvernig gögn um líðan nemenda er nýtt til að stuðla að bættri líðan og samskiptum.	Námsráðgjafi og kennarar	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Nemendakönnun Skólapúlsins. Námsráðgjafi, sjálfsmatsteymi og skólastjórnendur fara yfir ferlið á hverju vori.
----------------------	--	--------------------------	----------------------------------	---

Páttur 3 – Innra mat

Innra mat	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Mat á umbótum
Áætlun um innra mat	Setja fram þriggja ára áætlun um innra mat og byggja matsþætti á stefnu skólans, markmiðum og viðfangsefnum. Tilgreina leiðir, verkefni, verkferla og áætlanir sem fara á sem hluta af innra mati. Endurskoða reglulega aðferðir við ytra mat. Tryggja aðkomu hagsmunaðila að framkvæmd mats.	Sjálfsmatsteymi í samvinnu við kennara og stjórnendur.	Skólaárið 2019-2020 og 2020-2021	Áætlun um innra mat er metin á hverju vori og matinu gerð skil í sjálfsmatsskýrslu.
Mat á kennslu	Reglulegt mat og endurgjöf á kennslu í vettvangsheimsóknum og starfsmannasamtölum. Nýta þau gögn í áætlunum um innra mat.	Skólastjórnendur í samvinnu við sjálfsmatsteymi.	Skólaárið 2019-2020	Starfsmannaviðtöl og starfsmannakönnun Skólapúlsins.
Viðmið um árangur	Setja fram viðmið um árangur sem stefnt er að í umbótaáætlun.	Sjálfsmatsteymi í samvinnu við skólastjórnendur og kennara	Skólaárið 2019-2020 og 2020-2021	Áætlun um innra mat er metin á hverju vori og matinu gerð skil í sjálfsmatsskýrslu.

Áætlun um innra mat	Byggja á niðurstöðum ytra mats, samræmdra prófa og skimana þegar sett eru fram markmið og umbótaáætlun í tengslum við innra mat.	Sjálfsmatsteymi í samvinnu við skólastjórnendur og kennara.	Skólaárið 2019-2020 og 2020-2021	Áætlun um innra mat er metin á hverju vori og matinu gerð skil í sjálfsmatsskýrslu.
Umbótaáætlun	Tryggja að umbótaáætlun byggi á virku innra mati og öðrum gögnum um árangur skólastarfsins. Skoða reglulega hvaða markmið hafa náðst og hvað á að gera til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst.	Sjálfsmatsteymi og skólastjórnendur.	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Áætlun um innra mat og umbótaáætlun skólaársins er metin á hverju vori og matinu gerð skil í sjálfsmatsskýrslu.
Kynning á niðurstöðum mats	Kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir hagsmunaaðilum og tryggja að fram fari umræða um þróun og úrbætur.	Skólastjórnendur í samvinnu við sjálfsmatsteymi.	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Kynninga- og umræðufundir um mat á skólastarfinu fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk.

Páttur 4 – Skólastarf og námsaðstæður í skóla án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Mat á umbótum
Sameiginleg sýn um skóla án aðgreiningar	Móta sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar í samvinnu við starfsfólk, foreldra og nemendur.	Skólastjórnendur í samvinnu við kennara, foreldra og nemendur.	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Skólanámskrá er metin á hverju ári af fræðslunefnd og hagsmunaaðilum skólasamfélags.
Starfsreglur nemendaverndarráðs	Setja nemendaverndarráði starfs- og verklagsreglur til samræmis við ákvæði í reglugerð.	Skólastjórnendur og aðilar að nemendaverndarráði skólans.	Haust 2019	Nemendaverndarráð metur og endurskoðar starfsreglur að loknu skólaári 2019-2020.
Tilfærsluáætlun	Skrá með formlegum hætti verklag og samskipti við framhaldsskóla vegna tilfærslu nemenda með sérþarfir.	Deildarstjóri stoðþjónustu í samvinnu við skólastjórnendur.	Skólaárið 2019-2020	Skólanámskrá er metin á hverju ári af fræðslunefnd og hagsmunaaðilum skólasamfélags.
Starfsreglur um meðferð mála	Skrá og birta starfsreglur um meðferð mála sem berast frá foreldrum m.a. hvað	Skólastjórnendur	Haust 2020	Skólastjórnendur endurmeta starfsreglur á hverju hausti.

	varðar verklag, samstarf og málshraða.			
Skipulag sérkennslumála	Leitast við að veita sérkennslu í auknum mæli í námshópi nemenda.	Deildarstjóri sérkennslu í samvinnu við skólastjórnendur og kennara.	Skólaárin 2019-2020 og 2020-2021	Deildarstjóri stoðþjónustu fundar reglulega með aðilum sem sinna sérkennslu innan skólans.